

**3567. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
þriðjudaginn 9. júlí 2024 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður,
Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður og Valdís Eyjólfsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Valdís Eyjólfsdóttir, verkefnastjóri.

Fyrir tekið:

1. 2407032 - Fjárhagsáætlun leikskóla 2024

Lagt er fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs þar sem gerð er grein fyrir breytingum á stöðugildum í leikskólum Akraneskaupstaðar í kjölfar ákvörðunar skóla- og frístundaráðs um fjölgun leikskólalássa. Þörf er á viðbótarfjárveitingu sem nemur 6,0 stöðugildum frá 6. ágúst - 31. desember 2024 og að gert verði ráð fyrir ofangreindum stöðugildafjölda í fjárhagsáætlun fyrir árið 2025.

Óskað er ákvörðunar bæjarráðs um framangreinda ráðstöfun.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir viðbótarfjárframlag samtals að fjárhæð kr. 20.266.000 til leikskóla Akraneskaupstaðar vegna tímabilsins ágúst til og með desember 2024 sbr. meðfylgjandi minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir viðauka nr. 14 vegna ráðstöfunarinnar og eru breytingar á launaliðum leikskólanna færðar á tegundarlykil 1691 sbr. meðfylgjandi fylgiskjal. Útgjöldunum er mætt með lækkun áætlaðs rekstrarafgangs ársins 2024.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð samþykkir að vísa ákvörðun vegna vorannar 2025 til fjárhagsáætlunargerðar vegna ársins 2025.

Samþykkt 3:0

2. 2405106 - Vesturgata 130 - grenndarkynning - loftræsikerfi

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreyting vegna Vesturgötu 130 verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Jafnframt er lagt til við bæjarstjórn að meðfylgjandi greinargerð skipulagsfulltrúa verði svar bæjarstjórnar vegna þeirra athugasemda sem bárust við deiliskipulagsbreytinguna.

Sigurður Páll Harðarson situr fundinn undir þessum dagskrárlið sem og undir dagskrárliðum nr. 3 til og með nr. 8.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir deiliskipulagsbreytingu vegna Vesturgötu 130, að breytingin verði send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Samþykkt 3:0

ETB

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir fyrirbyggjandi greinargerð skipulagsfulltrúa sem svar bæjarstjórnar við framkomnum athugasemdum vegna deiliskipulagsbreytingarinnar.

Samþykkt 3:0

3. 2208165 - Tímabundin afnot af bæjarlandi - reglur

Málið var samþykkt í skipulags- og umhverfisráði þann 2. júní 2024 og vísað til bæjarráðs og bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir reglur um tímabundin afnot bæjarlands.

Samþykkt 3:0

4. 24052290 - Þjónustugjaldskrá skipulags- og umhverfissviðs 2024

Skipulags- og umhverfisráð samþykkti á fundi sínum þann 3. júní 2024 og vísaði málinu til bæjarráðs og bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir þjónustugjaldskrá skipulags- og umhverfissviðs 2024 og að gjaldskráin verði auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Samþykkt 3:0

5. 2311408 - Jarðvegstíppur - Móttökusvæði - Stýrt aðgengi

Bæjarráð samþykkti reglurnar á fundi sínum þann 29. maí 2024 en fól sviðsstjóra stjórnarsýslu- og fjármálasviðs frekari úrvinnslu málsins til samræmis við athugasemdir bæjarfulltrúa.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir reglur um móttökusvæði jarðefna.

Samþykkt 3:0

6. 2302202 - Stillholt 16-18 - eigendafundur og samkomulag

Eigendafundur var haldinn þann 28. júní 2024.
Yfirferð um stöðu málsins.

Bæjarráð felur sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs frekari úrvinnslu málsins.

Samþykkt 3:0

7. 2406119 - Dalbraut 14 - afhending lóðar

Fundur embættismanna með fulltrúum Festis hf. var haldinn þann 2. júlí 2024.
Yfirferð um stöðu málsins.

Bæjarráð felur sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs frekari úrvinnslu málsins.

Samþykkt 3:0

EB

8. **2402186 - Sala á félagslegu leiguhúsnæði, Vallarbraut 3, 0201 (fastanr. F210-0737)**

Kauptilboð vegna Vallarbrautar 3, íbúð 02 02 01_F210-0737.

Gildistími tilboðsins er til kl. 16:00 þann 10. júlí nk.

Ásett verð (Akraneskaupstaður) er kr. 51 m.kr. en tilboðsfjárhæð er kr. 44,7 m.kr.

Bæjarráð felur sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs að svara tilboðinu og vinna málið áfram.

Samþykkt 3:0

Sigurður Páll vísar af fundi.

9. **2406275 - KFÍA - Tækifærisleyfi á Írskum dögum vegna 8 liða úrslita á EM**

Tækifærisleyfi á Írskum dögum vegna 8 liða úrslita á EM.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu sviðsstjóra fjármála- og þjónustusviðs með vísan til 75. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar.

Samþykkt 3:0

10. **2401023 - Fundargerðir 2024 o.fl. - Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili**

Lánasamningur vegna þak- og veggviðgerða á Höfða.

Minnisblað varðandi Viðauka 8 í kjarasamningi Sambands íslenkra sveitarfélag og Sameykis.

Bréf Höfða til Heilbrigðisráðherra þar sem óskað er eftir fjölgun hjúkrunarrýma á Höfða ásamt kynningu.

Lagt fram.

11. **2209272 - Langtímafjármögnun Akraneskaupstaðar**

Erindi fjármálastjóra þar sem óskað er hækkunar heimildar samkvæmt fyrirbyggjand lánssamnings við Íslandsbanka dags. 25. janúar 2023. Fyrirséð er vegna óhagsstæðra efnahagsskilyrða (vextir og verðbólga) að rétt er að biðja með langtímafjármögnunum í einhvern tíma til viðbótar en málið er í fullum undirbúningi.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir erindið sbr. fyrirbyggjandi minnisblað fjármálastjóra.

Samþykkt 3:0

12. **2406138 - Langtímaveikindi starfsmanna 2024 (veikindapottur)**

Samantekt umsókna stofnana Akraneskaupstaðar í veikindapott fyrir tímabilið janúar til og með júní 2024.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir úthlutun fjármuna vegna kostnaðar stofnana Akraneskaupstaðar við afleysingar vegna veikindaforfalla starfsmanna á árinu 2024. Úthlutunin er vegna tímabilsins 1. janúar til og með 30. júní og nemur samtals kr. 49.720.000 sbr. meðfylgjandi fylgiskjal.

LB

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir viðauka nr. 15 að fjárhæð kr. 49.720.000 og er ráðstöfuninni mætt af liðnum Óviss útgjöld 20830-1691 og fært á tegundarlykilinn 1691 á hverja stofnun fyrir sig samkvæmt skiptingu sbr. meðfylgjandi fylgiskjal.

Samþykkt 3:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:45.

Einar Bráðsson
Ragnar Sæmundsson
Valgerður L. Jónsdóttir